

**Nd.**

**393. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðalaunaviðbót til embættismanna.

Frá fjárveitinganefnd.

1. gr.

Auk lögmæltra launa og dýrtiðaruppbótar samkvæmt lögum nr. 59, 26. okt. 1917, veitist launaviðbót, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráði Íslands, svo og hagstofustjórinn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður og þjóðmenjavörður, fá 500 kr. launaviðbót hver á ári.

3. gr.

Dómstjóri í landsyfirrjetti fær 1200 króna launaviðbót á ári og meðdómendur sama rjettar 1000 kr. hvor.

4. gr.

Landlæknir, holdsveikralæknir og allir hjeraðslæknar landsins, aðrir en þeir, sem taldir eru í 5. grein, fá 500 króna launaviðbót hver um sig á ári.

5. gr.

Læknarnir í Keflavíkur-, Patreksfjarðar-, Blönduóss-, Seyðisfjarðar- og Reykjar-fjarðarhjeruðum fá þá launaviðbót, sem til vantar að laun þeirra nemi 2000 krónum á ári.

6. gr.

Allir fastir kennarar háskólans, (prófessorar og dósentar), að Einari prófessor Arnórssyni undanskildum, fá 500 kr. launaviðbót á ári hver um sig.

7. gr.

Skólastjórar við mentaskólann, gagnfræðaskólann á Akureyri, kennaraskólann, stýrimannaskólann og vjelstjóraskólann og allir fastir kennarar og aukakennarar þessara skóla, svo og fræðslumálastjórinn, fá 500 kr. launaviðbót hver á ári.

8. gr.

Vegamálastjóri og vitamálastjóri fá 500 kr. launaviðbót á ári hvor um sig.

9. gr.

Biskup landsins fær 500 kr. launaviðbót á ári.

10. gr.

Fangaverðinum við hegningarhúsið í Reykjavík veitist 400 kr. launaviðbót á ári.

11. gr.

Landsstjórninni heimilast að verja allt að 8000 kr. á ári til úthlutunar meðal presta þeirra, er við erfiðust kjör eiga að búa sökum dýrtíðarinnar. Úthlutun þessa fjár skal gerð eftir tillögum biskups.

12. gr.

Af launaviðbót samkvæmt lögum þessum greiðist engin dýrtíðaruppbót.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.

### Greinargerð.

Fjárveitinganefnd hafa borist allmörg tilmæli og erindi um launabætur. Má þar fyrst til nefna frumvarp stjórnarinnar um launaviðbót handa dómendum yfirdómsins, skrifstofustjórunum og hagstofustjóra.

Nefndinni virtist litil von um, að það frumvarp kæmist gegn um þingið, í þeirri mynd sem það var, og þar sem henni virtist óhjákvæmilegt að bæta að einhverju leyti launakjör allflestra embættismanna landsins, rjæð hún það

af að taka þessa embættismenn inn í eitt sameiginlegt frumvarp um launabætur til bráðabirgða. Væntir nefndin, að það mælist betur fyrir í þinginu en að taka einstaka embættismenn út úr til að bæta laun þeirra.

Svo sem kunnugt er var hjer í sumar í neðri deild Alþingis felt frumvarp um hækkun á aukatekjum lækna. Margir þingdeildarmenn, sem studdu að því að fella það frumvarp, hafa látið á sjer heyra, að þeir mundu fallast á, að launakjör lækna yrðu bætt með beinu framlagi úr landssjóði, enda hefir komið fram frumvarp um það efni. Nefndin getur þó eigi lagt til að sinni, að það frumvarp nái fram að ganga, en leggur til í þessu frumvarpi, að kjör þeirra sjeu að nokkru leyti bætt, svo sem annara embættismanna, beint úr landssjóði. Hins vegar er meiri hluti nefndarinnar á því, að sú viðbót, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi á launakjörum lækna, sje eigi einhlít, og hefir því komið fram með nýtt frumvarp um hækkun á aukatekjum þeirra á þingskjali 391.

Verði það frumvarp felt, áskilur meiri hluti nefndarinnar sjer rjett til að koma fram með breytingartillögu um hækkun á launaviðbót lækna.

Frá kennurum háskólans og mentaskólans hafa nefndinni borist mála-leitanir um launaviðbót.

Nefndinni hafa virst þær málaleitanir sanngjarnar, en hefir hins vegar eigi sjeð sjer fært að ganga svo langt, sem fram á er farið. En úr því nefndin tók nokkurt tillit til þessara tilmæla, virtist henni og rjett að bæta að einhverju leyti kjör kennara við aðra fasta skóla landsins, þar sem henni var ljóst, að þeir kennarar eiga við engu betri kjör að búa.

Nefndin sá sjer eigi fært að leggja til, að laun Einars prófessors Arnórssonar yrðu hækkuð, með því hann hefir nú mun betri laun en samverkamenn hans, jafnvel þótt þetta frumvarp yrði samþykkt.

Þá hafði nefndin og í hyggju að leggja til, að bætt yrðu að einhverju leyti launakjör sýslumanna, sem, auk almennra erfiðleika af völdum ófriðarins, hafa flestir mist nokkurs í af tekjum sinum við það, að inn- og útlutningur á tollvörum í hjeruðum þeirra hefir mjög minkað. En nú var nefndarmönnum kunnugt um, að allmargir sýslumenn hafa hin síðari ár haft nokkrar tekjur frá landsversluninni, fyrir ýms störf í hennar þarfir.

Nefndin beiddist því skýrslu landsstjórnarinnar um, hve miklar þessar tekjur hefðu verið að undanförfnu og hve miklar mætti vænta að þær yrðu næstu ár.

En þar sem þau svör, er nefndin hefir fengið um þetta efni, hafa verið mjög óljós, hefir nefndin eigi sjeð sjer fært að leggja neitt til um launaviðbót handa þeirri stjett.

En kæmi það í ljós meðan á meðferð málsins stendur í þinginu, að tekjur sýslumanna af landsversluninni yrðu litlar eða alls engar, mun nefndin taka það til athugunar.

Nefndin telur að prestar yfirleitt sjeu sú stjett embættismanua, er einna best beri erfiðleika þá, er af dýrtíðinni leiða, einkum þeir, er hafa sæmileg bú.

Þó er nefndinni ljóst, að í þeirri stjett eru allmargir, sem eiga við erfið kjör að búa, og þá einkum þeir prestar, er búa í kaupstöðum og kaup-túnnum og þeir, er búa á hátt metnum hlunnindajörðum. Hún hefir því viljað gera sitt til, að einnig yrði litið á nauðsyn þeirra, og leggur því til, að alt að

8000 kr. sjeu veittar til þeirra presta, er erfðast eiga uppdráttar, og þar sem nefndin veit, að engum manni er kunnugra um hag prestastjettarinnar en biskupi landsins, leggur hún til, að úthlutun þessa fjár fari fram eftir tilögum hans.

Þvi fer fjarri, að nefndin álitir, að bætt sje að fullu úr peningafalli því, sem embættismenn hafa orðið fyrir af völdum ófriðarins, þótt úrbót sú, sem hjer er farið fram á, nái samþykki þingsins. En þegar tekið er tillit til hins afarerfiða fjárhags landssjóðs og tekjupurðar hins vegar, þá virðist mega vænta, að hlutaðeigendur fallist á, að ef það, sem hjer er lagt til, nær fram að ganga, þá sje ráðin svo mikil bót á högum þeirra, að naumast sje frekara að vænta, enda mun allur þorri landsmanna bera skarðan hlut frá borði áður ófriðum lýkur.